

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann 5. júní 2015 kl 16:00
Í Landsbankanum Austurstræti 11, 2. hæð

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra, ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar-Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2014- Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2014- Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2015 -Pétur Pétursson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir 11 sjóðfélagar sem fara samtals með 6,9% af atkvæðarétti.

1. Skýrsla stjórnar (Ræða Sigurgísla Ingimarssonar, formanns stjórnar)

„Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlækna sem nú lýkur, var á margan hátt árangursríkt og á sama tíma viðburðarríkt. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var 4.28 % miðað við vísitölu neysliverðs á meðan sameignardeildin var með 4.75 % raunávöxtun miðað við vísitölu neysliverðs. Langtíma ávöxtun sjóðsins er afar góð og er 5 ára raunávöxtun séreignar er 4.81% og sameignar 4.06%.

Deildirnar eru gerðar upp á mismunandi hátt um áramót og er raunstaða eigna sameignardeildar hærri en uppgjör segir til um, því að skuldabréf deildarinnar eru ekki reiknuð á markaðskröfu heldur kaupkröfu. Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur mjög traustum fótum og samanstendur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eins og fram kemur í ársreikningi sl. árs eru allar kennitölur úr rekstrinum afar jákvæðar en ársreikningurinn verður skýrður nánar hér á eftir af framkvæmdastjóra sjóðsins. Ytri aðstæður í þjóðfélaginu hafa afgerandi áhrif á ávöxtunarmöguleika lífeyrissjóðanna. Síðasta ár var afar hagfelld fyrir þjóðarbúið þrátt fyrir að hagvöxtur mældist nokkru minni en spár höfðu gert ráð fyrir eða um 2%. Í kjölfar skynsamlegrar niðurstöðu kjarasamninga á almennum markaði fór verðbólga hjaðnandi og mældist verðbólga ársins aðeins 1% sem er sú minnsta í 60 ár þannig að verðtryggðar skuldir heimila og fyrirtækja hækkuðu minna á árinu en nokkru sinni frá því að verðtrygging var tekin upp fyrir 35 árum. Hitt ber þó að líta að hagvöxtur ársins var fyrst og fremst drifinn áfram af aukinni fjárfestingu og einkaneyslu öfugt við síðast liðið ár þar sem hagvöxturinn var drifinn áfram af útflutningi.

Hagvaxtarspár fyrir komandi ár gera ráð fyrir auknum hagvexti um eða yfir 3% og gert er ráð fyrir að hann verði drifinn áfram af verulegri aukningu atvinnuvegafjárfestinga. Stóriðjufjárfestingar vega afar þungt í þessu sambandi einnig má gera ráð fyrir áframhaldandi aukningu erlendra ferðamanna sem sækja landið heim. Þó ber að nefna nokkra óvissu þætti í þessu sambandi er þar fyrst að nefna niðurstöðu komandi kjarasamninga og áhrif þeirra á launa- og verðlagsþróun, þá er enn sem fyrr óvissa um hugsanlegt afnám gjaldeyrishafta og afleiðingar þess á efnahagslegan stöðugleika, loks ber að nefna óvissu um ytri aðstæður svo sem þróun olíuverðs, efnahagaðstæður í okkar helstu viðskiptalöndum svo fátt eitt sé nefnt. Einnig er vert að vekja athygli á því að framleiðni á Íslandi er lág í alþjóðlegum samanburði og samkvæmt spá OECD er útlit fyrir að Ísland dragist enn frekar aftur úr í þeim efnum.

Enn sem fyrr eru heildarskuldir þjóðarbúsins afar háar og námu 113% af landsframleiðslu í lok ársins. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins er neikvæð um 880 milljarða eða 45% af landsframleiðslu og er vaxtarbygðri erlendra skulda því enn sem fyrr afar há. Aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum hafa fram til þessa aðeins skilað hallalausum ríkissjóði og verður því að segjast að skynsamlegra og jafnframt ábyrgara hefði verið fremur að nýta þá fjármuni, sem fóru í niðurgreiðslu á sex ára gömlu verðbólgukskoti, til að lækka skuldir ríkissjóðs. Á næstu árum er gert ráð fyrir áframhaldandi halla á greiðslujöfnuði íslenska þjóðarbúsins. Það er afar brýnt að bæta úr þessu á næstu árum en til þess mun þurfa að ganga á gjaldeyrisforðann, veikja gengi krónunnar eða ná samningum um að fresta afborgunum erlendra lána þar til jöfnuði er náð.

Gjaldeyrishöftin sem upphaflega voru samþykkt sem tímabundin aðgerð til tveggja ára, eru enn í gildi eftir sjö ár og slitastjórnir sitja enn yfir búum föllu bankanna. Fjármálaráðherra hefur nú boðað hann muni leggja fram frumvarp til afnáms gjaldeyrishaftanna á yfirstandandi vorþingi og er það vel. Enn er algerlega á huldu hvernig slíku afnámi verður háttað. Allar ytri aðstæður til losunar haftanna nú verða að teljast hagstæðar, enda fer skuldastaða heimila og fyrirtækja hratt lækkandi, verðbólga er lág, hagvöxtur fer hækkandi og vextir fara lækkandi.

Lokaniðurstaða komandi kjarasamninga gæti þó sett hér strik í reikninginn. Það er því að vonum að stjórnendur lífeyrissjóða bíði með öndina í hálsinum enda ekki seinna en vænna að þessir aðilar öðlist á ný aðgang að alþjóðlegum mörkuðum til að dreifa áhættu í eignsöfnum sínum utan íslenska hagkerfisins. Við hvert ár sem liðið hefur innan gjaldeyrishaftanna hefur eign lífeyrissjóðanna í íslenskum hlutabréfum og skuldabréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga aukist jafnt og þétt á kostnað erlendra eigna og er nú svo komið að hlutfall erlendra eigna þeirra er orðið afar lágt í samanburði við lífeyrissjóði annarra þjóða.

Lífeyrissjóðirnir hafa því undanfarin ár fyrst og fremst fjárfest á íslenska hlutabréfamarkaðnum og í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði og sveitarfélögum. Nú er svo komið að 43% af hlutabréfum eru í beinni eða óbeinni eigu lífeyrissjóðanna og skipta því sjaldan um hendur. Þetta mun til langframa hafa neikvæð áhrif á hlutabréfamarkaðinn. Á sama tíma ber að nefna að kauphöllin verður að teljast fremur einsleit og má í því sambandi nefna að einvörðungu eru tvö skráð félög í kauphöllinni sem tengjast stærstu atvinnuvegum þjóðarinnar þ.e. sjávarútvegi og hinni ört vaxandi ferðaþjónustu. Einnig er vert í þessu sambandi að nefna að ekkert álfyrirtækjanna er skráð í kauphöllinni enda alfarið í erlendri eigu. Það er þó vert að vekja athygli á því að hlutfall skuldabréfa útgefnum af ríkissjóði í eignasafni lífeyrissjóðanna hefur farið lækkandi sem minnkar hættuna á því að okkar góða sjóðsöfnunarkerfi breytist í gegnumstreymiskerfi.

Stjórn LTFÍ fylgir því enn sem fyrr afar varfærinni stefnu í öllum fjárfestingum á þessum litla og veikburða markaði.

Það verður því að teljast afar jákvætt að samkomulag virðist í augnsýn nú með haustinu að lífeyrissjóðunum muni verða veitt heimild til að fjárfesta á erlendum mörkuðum. En viljayfirlýsing milli lífeyrissjóðanna og seðlabankans í slíka veru var kynnt á nýliðnum ársfundi landsamtaka lífeyrisjóða.

Það er í þessu sambandi vert að vekja athygli á því að erlendir verðbréfamarkaðir hafa verið á mikilli siglingu síðastliðið ár og voru erlendar eignir lífeyrissjóðanna því afar mikilvægur þáttur í góðum ávöxtunartölum flestra lífeyrissjóða. Á árinu héldu áfram að greiðast til sjóðsins endurheimtur eigna úr Landsbankinn Mezzanine Fund og greiðslur munu síðan halda áfram að berast til LTFÍ allt til ársins 2016 er þær eru að fullu greiddar.

Stjórn LTFÍ hefur ákveðið að halda áfram varúðarniðurfærslu á eftirstöðvum þessara eigna enn um sinn, enda er það stefna stjórnar nú sem fyrr að eignasafn sjóðsins endurspegli raunverulega stöðu hans hverju sinni.

Eins og fram kemur í nánari úttekt Bjarna Guðmundssonar Tryggingarstærðfræðings sjóðsins hér á eftir, er tryggingafræðileg staða LTFÍ mjög góð, og vil ég enn og aftur árétta í því sambandi að LTFÍ hefur aldrei frá efnahagshruninu 2008 þurft að skerða réttindi sjóðfélaga enda er tryggingafræðileg staða sjóðsins afar traust og trúlega ein sú bezta í almenna lífeyrissjóðakerfinu.

Stjórn sjóðsins fundaði reglulega á árinu með framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins samkvæmt fundaráætlun. Auk þess átti sá er hér talar reglulega fundi með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra til að fjalla frekar um tiltekin málefni er til féllu á milli reglulegra stjórnarfunda og eins til að undirbúa stjórnarfundi. Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Ennfremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs með fyrirvara um að samningar náist við viðkomandi aðila.

Eins og áður sagði er eignastaða LTFÍ afar góð og hefur hann ákveðna sérstöðu á vettvangi íslenskra lífeyrissjóða hvað séreignarstefnu og erfanleika eignar varðar.

Rekstur LTFÍ er sem fyrr í rekstri hjá Landsbankanum enda tókst samkomulag um áframhaldandi samstarf á síðasta ári. Stjórn LTFÍ leitast þó ávallt við að leita leiða til til að

finna rekstri sjóðsins sem allra hagstæðastan farveg, þannig að ávöxtun eigna sjóðfélaga verði með sem allra besta móti.

Það er markmið stjórnar LTFÍ að efla sjóðinn með fjölgun sjóðfélaga. Í því skyni hafa starfssemi sjóðsins og kostir hans verið kynntir tannlæknum með reglulegu millibili. Má í því sambandi nefna að nýútskrifuðum tannlæknum er ávallt sent ítarefni um sjóðinn og tannlæknanemum er boðið til kynningar á sjóðnum í húsakynnum Landsbankans á hverju hausti og boðið að ganga í sjóðinn. Þetta hefur borið þann árangur að nánast allir tannlæknar sem hafa útskrifast frá árinu 2011 og jafnframt einhverjir makar þeirra hafa kosið að ganga í sjóðinn. Til að mæta enn frekar þörfum nýútskrifaðra tannlækna hefur stjórn sjóðsins ákveðið að bjóða að nýju upp á sjóðfélagalán og eru upplýsingar um aðgengi og fyrirkomulag þessara lána nú aðgengileg á heimasíðu sjóðsins. Það er von stjórnar og rekstraraðila LTFÍ að þessi nýjung veiki áhuga og hvetji enn fleiri tannlækna til beina lífeyrisgreiðslum til LTFÍ.

Öllum tannlæknum var sent kynningarefni um lífeyrissjóðinn í aðdraganda ársþings tannlæknafélagsins. Jafnframt voru stjórnarmenn á þinginu og veittu allar nánari upplýsingar um málefni sjóðsins.

Skömmu fyrir jól var öllum tannlæknum sendar jólakveðjur frá LTFÍ þar sem þeim var einnig bent á skattalegt hagræði séreignasparnaðar tengdum einkahlutafélögum og sameignarfélögum. Þetta varð til auka slíkar inngreiðslur til muna.

Það er bjargföst skoðun stjórnar LTFÍ að hag allra tannlækna sé best borgið innan vébanda LTFÍ enda lífeyrissjóður tannlækna að stærstum hluta séreignasjóður sem erfist að fullu til maka og barna. Eins og áður sagði er tryggingafræðileg staða sjóðsins afar góð, stjórn sjóðsins er einvörðungu skipuð tannlæknum og sjóðurinn býr við fullkomið sjóðfélagalýðræði. Einnig skal bent á örorkubyrði sjóðsins er nánast engin. En í því sambandi er vert að minna á að örorkutíðni á Íslandi er afar há í alþjóðlegum samanburði og sú hæsta í Evrópu. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að í síðustu fjárlögum er framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði almennu lífeyrissjóðanna lækkað um 20% árlega næstu fimm árin eða þar til það hefur fjarað út. Þetta gæti skert lífeyrisgreiðslur um allt að 4.5% hjá lífeyrissjóðum með háa örorkubyrði. En af hverju er ég að undirstrika þetta?

Enn og aftur verður mér tíðrætt um nýja mannfjöldaspá Hagstofunnar fyrir tímabilið 2014 til 2065 í þessu samhengi. Gangi sú spá eftir þá mun fólki á eftirlaunaaldri fjölga um 180% en á sama tíma fjölgar vinnandi fólki aðeins um liðlega 20%. Þannig verða u.þ.b. 25% þjóðarinnar eftirlaunaþegar árið 2065, en í dag er það hlutfall 11%. Það er visst áhyggjuefni að á sama tíma og lífeyrisþegum fjölgar þá fækkar hlutfallslega þeim sem koma út á vinnumarkaðinn og samkvæmt áður nefndri mannfjöldaspá má gera ráð fyrir því innan ekki svo langs tíma eða árið 2023 eftir aðeins átta ár verði „nýir“ lífeyrisþegar í fyrsta sinn fleiri en þeir sem koma inn á atvinnumarkaðinn. Í þessu ljósi verður mikilvægi þess að velja sér réttan lífeyrissjóð

mikilvægara sem aldrei fyrr! Þetta ættu ungir og nýútskrifaðir tannlæknar að hafa hugfast og setja því lífeyrissparnað í forgang þegar þeir hefja störf.

Þetta mun leiða til þess að sífellt verður erfiðara að uppfylla lífeyrisskuldbindingar í gegnumstreymissjóðum sem byggja á því að sífellt bætist við fleiri nýir sjóðfélagar til að bera uppi lífeyrisskuldbindingar þeirra sem eldri eru. Þetta mun því að lokum knýja þessa lífeyrissjóði til að grípa til ráðstafana eins og t.d. að hækka lífeyrisaldur, hækka iðgjöld og draga úr fjölda öryrkja svo fátt eitt sé nefnt.

Ekkert af þessu á við um LTFÍ sem byggir á afar ríkri séreignarsöfnun þannig að hver og einn einstaklingur leggi fyrir í sjóð sem standi undir eftirlaunagreiðslum hans. Ég vil því enn og aftur undirstrika mikilvægi þess að aldrei verði hvikað frá þeirri stefnu að halda óbreyttu formi á LTFÍ.

Í þessu samhengi er þó vert að vekja athygli á því að að íslenska lífeyrissjóðakerfið er afar vel sett með sína miklu sjóðsöfnun enda þegar opinberar lífeyrisgreiðslur eru skoðaðar sem hlutfall af landsframleiðslu OECD landanna þá er hlutfallið á Íslandi langlægst. Á Íslandi standa lífeyrissjóðir undir rúmlega 72% af ellilífeyrissgreiðslum og mun það hlutfall aukast hratt á komandi árum.

Það verður því að teljast athugasvert að stjórnvöld viðhaldi enn reglum um útgreiðslur á séreignarsparnaði sem komið var á árið 2009 sem í upphafi var hugsað sem tímabundið úrræði fyrir einstaklinga í bráðum fjárhagsvanda. Þvert á móti ætti að hvetja til aukins séreignarsparnaðar í ljósi þess að með breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar mun kostnaðarhlutdeild hins opinbera í lífeyrisgreiðslum minnka verulega enda munu útgjöld ríkisins á komandi árum og áratugum beinast fyrst og fremst að niðurgreiðslu skulda og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem mun vaxa hratt með breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar. Höfum hér í huga að nýlegar rannsóknir hafa sýnt að kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna einstaklinga 65 ára og eldri er fjórum sinnum hærra en vegna þeirra sem yngri eru. Það er því verulegt áhyggjuefni að í nýjum tillögum um framtíðarskipan Húsnæðismála, skuli lagt til að nýting séreignasparnaðar til húsnæðisöflunar verði varanleg. Það vill því miður oft gleymast í þessu sambandi að lífeyriseign einstaklinga er undanþegin aðför við gjaldþrot en slíkt á ekki við um fasteign.

Þannig má færa fyrir því sterk rök að pólitísk áhætta í umhverfi lífeyrissjóðanna sé töluverð, sökum óstöðugleika í íslenskum stjórnámálum en dæmi um slíkt eru lög um gjaldeyrishöft og fyrrgreindar tillögur um nýtingu séreignasparnaðar til húsnæðisöflunar.

Að þessu sögðu vil ég þó benda á að íslenska lífeyrissjóðakerfið er í fremstu röð í heiminum. Stærð þess nemur nú 150 % af vergri þjóðarframleiðslu og er enn sem fyrr ásamt því hollenska og svissneska metið öflugasta lífeyrskerfi allra landa Evrópu að skv. OECD. Það er

jafnframt ánægjulegt að vekja athygli á því að kostnaður íslenska lífeyriskerfisins er enn sem fyrr afar lágur í alþjóðlegum samanburði. Lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í samfélagi okkar og munu í framtíðinni gegna lykilhlutverki í að skapa sjóðfélögum sínum fjárhagslegt öryggi þegar starfsævinni lýkur.

Það er því afar mikilvægt að nýir valdhafar landsins beri gæfu til að standa vörð um og hlúi að þessu góða kerfi, sem Íslendingar báru gæfu til að koma á fót fyrir 46 árum, þannig að það megi halda áfram að eflast og dafna öllum til hagsbóta. Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ og Halldór Kristinsson fjárfestingarstjóra. Einnig vil ég þakka Þóreyju Þórðardóttur framkvæmdastjóra Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir afnot og aðgengi að glærum frá s.l. ársfundi LL.

Með þá von í brjósti að næsta starfsár LTFÍ verði gjöfult og gæfuríkt, þakka ég fyrir mig. Lifið heil.“

2. Ársreikningur 2014

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Ólafi Páli Gunnarssyni og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2014. Ársreikningur var lagður fram á fundinum. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 29. apríl 2015. Ársreikningurinn er í tvennu lagi, en fjallað er bæði um sameignar- og séreignardeild sjóðsins í reikningnum.

Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum, fór yfir rekstrareikning og efnahagsreikning deilda sjóðsins. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er deildarskiptur í sameignardeild og séreignardeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2014

Fundarstjóri gaf Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi, næstum orðið og gerði Bjarni lauslega grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2014. Úttektin er aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins.

- Tryggingafræðileg athugun :
 - Samanburður á eignum lífeyrissjóðs og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris

- Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga og mat þeirra kallar því á sérhæfða útreikninga
- Lífeyrissjóðir hafa almennt engan ábyrgðaraðila

Ef eignir eru lægri en skuldbindingar þarf að lækka áunninn rétt eða hækka iðgjöld.

Bjarni gerði því næst grein fyrir heildareignum og skuldbindingum sjóðsins. Fram kom í máli Bjarna að eignir sjóðsins væru samtals 1.478,7 milljónir króna og næmu skuldbindingar hans 1.457,7 milljónum króna. Áfallin staða sjóðsins er 6,9% framtíðarskuldbindingar -4,6% heildarstaða 1,4% .

Bjarni vék því næst að ávöxtunarforsendum sjóðsins, mistök við útreikning ársins 2013 en þar var ekki fyrir séð aukin útgjöld. Sjóðurinn væri meðal fárra sjóðs, þar sem horfur væru almennt góðar og hefði rekstur hans gengið vel á liðnu ári. Bjarni vék því næst að ávöxtunarforsendu sjóðsins, sem er 3,5%.

Skýring á verri stöðu nú en var talin 2013 er að við athugun 2013 var stuðst við drög að ársreikningi og færsla kostnaðar hækkaði í endanlegri gerð ársreiknings.

Staða 2013 hefði því átt að reiknast nokkuð lakari en birt var þá.

Að teknu tilliti til þessa batnar staða lítillaga frá 2013 vegna ávöxtunar umfram viðmið

- Skýring á bættri áfallinni stöðu er aðallega að ávöxtun með endurmati er yfir 3,5% viðmiðun og einnig er minni aukning örorku en gert er ráð fyrir og lækkun á mati á kostnaði
- Breyting í 2) einhver breyting á samsetningu greiðandi sjóðfélaga

Bjarni fór yfir breytingar á lífslíkum karla og kvenna en fram kom að mun fleirri konur en karlar útskrifast núna seinni ár það mun hafa áhrif á framtíðargreiðslur sjóðsins.

4. Fjárfestingarstefna 2015

Fundarstjóri gefur Pétri Péturssyni sjóðsstjóra orðið og hann fer yfir fjárfestingarstefnu 2015. Lítilsháttar breytingar á vilmörkum í stefnunni árið 2015. Fjárfestingarstefnu ársins 2015 má finna á heimasíðu sjóðsins.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Engar spurningar komu fram.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þarf um tvo aðalmenn til þriggja ára. Í framboði eru Gísli Vilhjálmsson og Sigurgísli Ingimarsson. Þeir eru kosnir með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Engar tillögur komu fram.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka um 6%. Þau yrðu að lokinni hækkun 24.390kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð eða 121.950 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann.

Sigurgísli innti fundarmenn eftir því hvort einhver væri á móti þessari tillögu. Svo reyndist ekki vera og var hún því samþykkt með öllum atkvæðum

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2015:

Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar.

Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál löglega borin fram

Hannes spyr hvort ekki væri tilvalið að kynna leiðirnar fjórar fyrir sjóðfélögum til upprifjunar

Sigurgísli tekur undir þessa fyrirspurn og mun koma þessu í farveg vill jafnframt þakka fyrir þessa tillögu

Fundi slitið kl 17.00